

Sýni eða æxli fjarlæggt úr þvagblöðru

Aðgerðin er gerð til sýnatöku eða til að fjarlægja æxli úr þvagblöðru. Hún er gerð í gegnum þvagrás með speglunartæki. Aðgerðin er gerð í svæfingu.

Blóðþynningarlyf


Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við lækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta haft blóðþynnandi áhrif. Óhætt er að taka áfram inn vítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindí“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.



Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufarssögu sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu og veita tækifæri til að spyrja spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókn er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu.

Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrir en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahóteli ef þörf er á.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér afþreyingarefni og heyrnartól fyrir útvarp og sjónvarp. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Karlmenn þurfa að þvo vandlega undir forhúð án sápu. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, förðunarvörur, krem, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni.

Fyrir aðgerð þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist.

Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa innrennslisvökva og svæfinga- og verkjalyf. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu. Síðan er svæfingalyfi sprautað í æðalegginn.

Eftir aðgerðina fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dagdeild. Ef verkir eða ógleða koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við með viðeigandi lyfjagjöf. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn. Vart getur orðið við hálssærindi eftir svæfinguna, en þau hverfa jafnan á 1-2 dögum. Boðið er upp á léttu máltíð fyrir heimferð.

Útskrift

Útskrift er áætluð 2-4 klst. eftir aðgerð. Ef þvagleggur er ekki til staðar er nauðsynlegt að vera búinn að pissa fyrir heimferð. Stundum þarf að gefa skolvökva í þvagblöðru til næsta dags og fer sjúklingur þá á legudeild.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef með þarf og upplýsingar um áframhaldandi lyfjanotkun
- Endurkomutíma hjá skurðlækni sem m.a. upplýsir um niðurstöðu sýnatöku. Ef um fyrstu sýnatöku er að ræða er ráðlegt að aðstandandi komi með í endurkomutíma
- Endurkomutíma á göngudeild þvagfæra 11A, ef þvagleggur er til staðar við útskrift

Útskriftarfræðsla

Verkir

Hægt er að kaupa verkjalyf án lyfseðils í apóteki, sem taka má samkvæmt leiðbeiningum.

Þvaglát

Ef settur hefur verið þvagleggur er hann fjarlægður samdægurs eða jafnskjótt og hægt er. Sumir finna fyrir krömpum í þvagblöðru vegna ertingar frá þvagleggnum, sem verkjalyf getur slegið á. Eðlilegt er að verða brátt fyrst eftir að hann er fjarlægður, en það líður fljótt hjá. Það getur verið sárt að losna við þvag til að byrja með og búast má við blóðlituðu þvagi fyrstu dagana. Mælt er með að drekka vel, um 1, 5-2 lítra á dag.

Matur og drykkur

Ekki er þörf á að breyta mataræði vegna aðgerðar. Gott er að borða trefjaríka fæðu og drekka vel til að forðast hægðatregðu.

Hreyfing

Forðast þarf mikla áreynslu og að lyfta þungu (þyngra en 15 kíló) í 2-3 vikur eftir aðgerð. Gott er að hreyfa sig daglega, til dæmis fara í gönguferðir. Ráðlegt er að bíða með kynlíf í 2-3 vikur.

Tóbaksnotkun

Rannsóknir sýna að tóbaksnotkun getur haft áhrif á framgöngu þessa sjúkdóms. Því er ráðlagt að hætta tóbaksnotkun eða draga úr henni að öðrum kosti.

Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Oft hjálpar að tala um líðan við sína nánustu og ræða við fagfólk um það sem veldur áhyggjum. Aðferðir eins og tónlist, slökun og hreyfing geta dregið úr andlegri vanlíðan en ef kvíði og drungi verða viðvarandi er um að gera að leita aðstoðar, til dæmis hjá heimilislækni.

Vinna

Gera þarf ráð fyrir að vera frá vinnu í 1-4 daga eftir aðgerð en það fer eftir eðli starfs og líðan.

Annar stuðningur og úrræði

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins (<http://krabb.is/radgjafarthjonustan>) býður upp á fræðslu, viðtöl, faglega ráðgjöf, sálgæslu, djúpslökun, ýmis námskeið og hagnýtar upplýsingar.

Ljósíð (<http://ljosisid.is/>) er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina. Reikningur er sendur heim eftir útskrift. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við dagdeildina ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Líkamshiti er yfir 38°C
- Þvag er mjög blóðlitað, illa lyktandi eða gruggugt.
- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Þvaglát ganga illa

Dagdeild 13D er opin virka daga frá klukkan 7 til 19, sími: 543 7480.

Utan þess tíma má hafa samband við kvíðarhols- og þvagfæraskurðeild 13EG í síma 543 7500.

Upplýsingar um krabbamein í þvagblöðru veitir hjúkrunarfræðingur göngudeildar þvagfæra 11A í síma 543 7100.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.